

Nd.

515. Frumvarp til laga

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenskra botnvörpuskipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenskra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unztapið er að fullu greitt.

Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

2. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma. Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
- b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
- c. Að því leyti, sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.